

Nd. **188. Breytingartillaga** [81. mál.]

við frv. til laga um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 5. gr. frv. komi ný grein, þannig:

Meðan ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins samkvæmt lögum þessum er í gildi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að gjaldeyri, sem fæst fyrir neðan- greindar vörur frá bátaútveginum, megi selja með álagi, er ákveðið sé af ríkis- stjórninni, ef framleiðslukostnaður þeirra vörutegunda er meiri en söluverði þeirra nemur, og falli álag þetta til þeirra, er framleiða vörurnar, enda komi allur gjald- eyrir fyrir þær til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna á sama hátt og gjaldeyrir fyrir aðrar útflutningsvörur. Vörur þær, sem þetta gildir um, eru:

1. Söltuð og reykt Faxasíld.
2. Fryst Faxasíld.
3. Vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum.
4. Smásíld.
5. Gellur.
6. Kinnfiskur.
7. Sundmagi.
8. Hákarls- og háfsskrápur.
9. Hákarls- og háfslýsi.
10. Alls konar fiskroð.
11. Reyktur fiskur.
12. Grálúða, wíches, megrin og frystur háfur.
13. Hrogn.